

# Lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031

## Dritvíkurvegur og Djúpalónssandur



Mynd: Árni Guðjón Aðalsteinsson

**Unnið fyrir Snæfellsbæ**

Dags. 26.09.2022

## Lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015 - 2031.

Eftirfarandi lýsing er gerð í samræmi við 30. grein skipulagslaga vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031. Fyrirhuguð breyting varðar nýja staðsetningu bílastæða og þjónustuhúss fyrir gesti sem koma til Dritvíkur og Djúpalónssands. Í gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir framtíðarstæðum og þjónustuhúsi ofan/austan Útnesvegur, en nú er fyrirhuguð staðsetning neðan/vestan vegarins til að stuðla að umferðaröryggi gangandi og að eingöngu verði biðsvæði fyrir rútur ofan/austan Útnesvegur. Núverandi bílastæði anna engan veginn þörf og þar myndast umferðaröngþveiti á álagstímum. Nýtt svæði er í gildandi aðalskipulagi landbúnaðarsvæði, en þar verði skilgreind stækkun afþreyingar- og ferðamannasvæðis og orsakar það stækkun AF-U-7. Svæðið er innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og í umsjón Umhverfisstofnunar. Ljóst er að ný staðsetning hefur í för með sér að framkvæmdir munu raska hrauni.

### Aðdragandi og tilgangur

Fyrirhuguð framkvæmdasvæði er innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og er því breyting aðalskipulags, gerð deiliskipulags og allar framkvæmdir háðar samþykki Umhverfisstofnunar. Umferð um Þjóðgarðinn er vaxandi, núverandi bílastæði anna engan vegin eftirspurn á annatímum og hreinlætisaðstaða við þau er óásættanleg. Lögð er áhersla á að draga úr akandi umferð niður Dritvíkurveg. Rætt hefur verið um gjaldtöku á bílastæðum á núverandi stað til að auka notkun efra svæðisins og einnig er gert ráð fyrir að þjónustuhús með snyrtingum á efra svæði stuðli að því að fólk skilji einkabíla eftir þar.



Mynd: Árni Guðjón Aðalsteinnsson

### Forsendur

Vegna eignarhalds verða allar framkvæmdir norðan Dritvíkurvegur og ekkert rask verði sunnan vegar. Mikilvægt er að hlúa að innviðum vegna aukinnar umferðar svo ekki verði náttúruspjöll á svæðinu. Umferð

stórra rútbíla hefur aukist mikið, bæði vegna dagsferða frá höfuðborgarsvæðinu og vegna farþega frá skemmtiferðaskipum. Því verður gert ráð fyrir sleppistæðum fyrir rútur á nýja svæðinu og leitast við að draga eftir föngum úr umferð niður eftir veginum. Auk þessa er gert ráð fyrir rúrustæði í gamalli efnisnámu ofan/austan Útnesvegar, þar sem rútur geta beðið og sótt farþega aftur á sleppistæði. Mikilvægt er að halda áfram umræðu um vistvænar samgöngur innan Þjóðgarðsins, t.d. með því að hafa rafsbíla sem keyra þá sem eiga erfitt með gang niður Dritvíkurveg.


## Skipulag í gildi

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031, en ekki hefur verið gert deiliskipulag af svæðinu fyrr. Svæðið fellur í aðalskipulagi undir afþreyingar- og ferðamannastaði sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með.

### Í gildandi aðalskipulagi stendur um AF-U-7:

AF-U-7: **Djúpalónssandur og Dritvík.** Á Djúpalónssandi hefur Vegagerðin gert bílastæði og reist hefur verið þjónustuhús með snyrtingum án deiliskipulags. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gert alvarlegar athugasemdir um stærð rotþróar við snyrtingar.

Ekki er svigrúm til stækkunar bílastæða á svæðinu, en hugmyndir eru um bílastæði ofan vegar í gamalli efnisnámu og að lagður verði göngustígur þaðan. Þar verði gert rúrustæði, svo hægt sé að sleppa fólki út og sækja það á ákveðnum tíma. Laga þarf efnisnotkun á staðnum, en göngustígur fellur illa að umhverfi bæði varðandi efni og lit. *Gera skal deiliskipulag af um 70.000 m<sup>2</sup> svæði á Djúpalónssandi sem verði tengt deiliskipulagi svæðis ofan vegar þegar bílastæðum verður beint þangað. Einnig þarf að ganga frá um 19.000 m<sup>2</sup> deiliskipulagi af Dritvík, þar sem gengið verði frá stíg sem verði felldur vel að landi til að draga úr hættu á umferð um viðkvæmar menningarminjar. Við stígagerð skal nota efni sem er í samræmi við efnisáferð á staðnum.*




Úr aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 fyrir breytingu

### Eftir breytingu mun texti breytast og er breyttur texti fjóluþlár:

AF-U-7: Djúpalónssandur og Dritvík. Á Djúpalónssandi hefur Vegagerðin gert bílastæði og verður gengið frá því með skýrt afmörkuðum bílastæðum og akbraut. Þegar framkvæmdum á nýja svæðinu lýkur verður núverandi þjónustuhús með snyrtingum fjarlæggt.

Ekki er svigrúm til stækkunar bílastæða á núverandi svæði, en fyrirhugað er að gera bílastæði og reisa þjónustuhús með snyrtingum ofarlega við Djúpalónsveg, norðan vegarins og lagður verði göngustígur þaðan. Þar verði sleppistæði fyrir rútur, en einnig verði rúrustæði ofan/austan Útnesvegur í gamalli efnisnámu sem þjóni sem biðsvæði fyrir rútur. Laga þarf efnisnotkun að umhverfi, en núverandi göngustígur fellur illa að umhverfi bæði varðandi efni og lit. *Gera skal deiliskipulag af um 90.000 m<sup>2</sup> svæði á Djúpalónssandi sem verði tengt deiliskipulagi svæðis ofan og neðan Útnesvegur þegar bílastæðum verður beint þangað. Einnig þarf að ganga frá um 19.000 m<sup>2</sup> deiliskipulagi af Dritvík, þar sem gengið verði frá stíg sem verði felldur vel að landi til að draga úr hættu á umferð um viðkvæmar menningarminjar. Við stígagerð skal nota efni sem er í samræmi við efnisáferð á staðnum.*



### Úr aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 eftir breytingu

**Kynningarferli:** Líklegur tímarammi vegna breytingar aðalskipulags:

**September-október 2022**, lýsing og matslýsing verða kynntar og samþykktar í umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar 29. september 2022 og í kjölfarið samþykktar af bæjarstjórn Snæfellsbæjar í október. Þá verða lýsing og matslýsing aðalskipulagsbreytingarinnar sendar samráðsaðilum og kynntar fyrir almenningi í október 2022 á upplýsingavef Snæfellsbæjar og með auglýsingu í staðarblaði.

**Nóvember-desember 2022** verði unnin tillaga að breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031. Tillagan verði kynnt fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd og bæjarstjórn og kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum með áberandi hætti. Eftir samþykki umhverfis- og skipulagsnefndar og

bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, verður leitað heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillögu í samræmi við 31. grein skipulagslaga.

**Janúar-febrúar 2023**, tillaga kynnt með 6 vikna auglýsingarferli og að því loknu mun bæjarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik og taka afstöðu til fram kominna athugasemda.

**Mars-maí 2023.** Eftir að bæjarstjórn hefur samþykkt tillögu skal hún send Skipulagsstofnun ásamt fram komnum athugasemdum og umsögnum um þær innan 12 vikna frá því að athugasemdafrestur rennur út. Eftir það lætur Skipulagsstofnun auglýsa gildistöku í B deild Stjórnartíðinda innan fjögurra vikna. Aðalskipulagsbreyting tekur gildi þegar hún hefur verið samþykkt af bæjarstjórn, hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

### **Veitur**

Þegar hefur verið borað eftir neysluvatni og rotþró hefur verið komið fyrir í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Umhverfisstofnun.

### **Samráð verði haft við eftirtalda**

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, RARIK, Samgöngustofu, Skipulagsstofnun, Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Vegagerðina og viðeigandi nefndir bæjarfélagsins.

### **Matslýsing**

Gert er ráð fyrir að umhverfismatsskýrsla verði kynnt sem hluti af aðalskipulagsbreytingu. Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar verða metin í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða. Þar sem gert er ráð fyrir að hrauni verði raskað vegna gerðar bílastæða, þjónustuhúss og lagningar göngustígs skal í deiliskipulagi gera grein fyrir umfangi rasks og mótvægisáðgerðum. Skipulagsbreyting þessi, gerð deiliskipulags og allar framkvæmdir eru háðar samþykki Umhverfisstofnunar. Gerð verður grein fyrir áhrifum breytingar aðalskipulags á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.